

Nd.

666. Frumvarp

til laga um þingsköp Alþingis.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

I. Þingskipun.

1. gr.

Þegar Alþingi kemur saman við þingsetningu, skal elsti þingmaðurinn stjórna umræðunum þangað til forseti sameinaðs þings er kosinn, og standa fyrir kosningu hans.

Þingsetning.
Prófun kjörbrjefa og kjörgengis og ályktun um það.

Til þess að prófa kjörbrjef og kosningu nýkosinna þingmanna, hvort fleiri eru eða færri, og það þótt eigi sje nema einn, ganga þingmenn eftir hlutkesti í 3 jafnar deildir, meðan til vinst. Fyrsta deild fær annari deild, önnur deild þriðju deild og þriðja deild fyrstu deild kjörbrjef þess eða þeirra þingmanna, sem eru í hverri þeirra fyrir sig. Hver deild rannsakar kjörbrjef þau, er hún tekur við og kosningu þingmanna og kjörgengi, kys sjer framsögumann og gerir tillögu til þingsins um, hvort kosning og kjörgengi þingmanns skuli talið gilt. Tillögurnar má bera upp munnlega án nokkurs fyrirvara, og ræður afl atkvæða um gildi kosninga og kjörgengi, svo og hvort fresta skuli úrskurði þar um. (Stjks. 1915 § 16).

Umræður á þingsetningarfundum fara fram eftir fyrirmælum 35. og 37. gr.

2. gr.

Sjerhver nýr þingmaður skal vinna eið að stjórnarskránni undir eins og búíð er að viðurkenna að kosning hans sje gild (Stjks. 1874, § 30). Skal hann rita nafn sitt undir þennan eiðstaf:

Eiður þingmanna.

Því heiti jeg, að halda stjórnarskrá landsins og leggja það eitt til mála á Alþingi, sem jeg veit sannast og rjettast. Vinn jeg lögeið að þessu heiti mínu.

3. gr.

Þá skal kjósa forseta sameinaðs þings og gengst hann fyrir kosningu varaforseta og 2 skrifara.

Kosning forseta sameinaðs þings og skrifara.

Rjett kjörinn forseti er sá, er hefir meira en helming greiddra atkvæða, þeirra er á fundi eru. Verði þeim atkvæðafjölda eigi náð við fyrstu kosningu, skal kosið af nýju óbundnum kosningum. Fáí þá heldur eigi neinn nógu mörg atkvæði, skal kjósa um þá tvo þingmenn, er flest fengu atkvæði við síðari óbundnu kosninguna; en hafi við þá kosningu fleiri fengið jafnmörg atkvæði, ræður hlutkesti, um hverja tvo skuli kjósa. Ef þeir fá báðir jafnmörg atkvæði við bundnu kosninguna, ræður hlutkesti, hvor þeirra verði forseti.

Sömu reglu skal fylgt við kosningu varaforseta. En við kosningu skrifara ræður atkvæðafjöldi. Hlutbundinni kosningu má beita við kosningu skrifara, ef 9 þingmenn krefjast þess (48. gr.).

4. gr.

**Kjörbrjefa-
nefnd.** Þá skjal kjósa nefnd, til þess að prófa kjörbrjef, er síðar koma fram en svo, að þau verði prófuð eftir 1. gr., svo og til þess að rannsaka kosningar og kjörgengi, er þingið hefir frestað að taka gilt, og kærur yfir kosningum, er þegar eru teknar gildar. Í þessa nefnd kys þingið 5 menn eftir reglum um nefndarkosningar (17. og 48. gr.).

Ef nefnd þessi lætur uppi skriflega tillögu, eða ef hún leggur til, að kosning skuli teljast ógild, skulu tillögur hennar ræddar eftir reglunum um 2. umr. lagafrumvarpa (22. gr.). Ella fer um tillögur hennar eftir því, sem ákveðið er um tillögur kjörbrjefadeildanna í 1. gr.

5. gr.

**Hvenær
kosninga-
kæra verði
til greina
tekin og
þingið geti
ónýtt
kosningu.
Rjettindi
þingmanns
áður en
kosning hans
og kjörgengi
er tekið gilt.** Þingið getur við rannsókn þá, er ræðir um í 1. gr., úrskurðað kosningu ógilda, þótt eigi hafi hún kærð verið, og einnig frestað að taka kosningu gilda, til þess að fá skýrslur. Svo er og um kosningu þingmanns, er eigi er kominn, eða kjörbrjef hans, þá er þing er sett. Sama er um kjörgengi. Að öðru leyti tekur þingið eigi upp hjá sjálfu sjer að rannsaka kosningar eða kjörgengi, en gerir það því að eins, að kært sje yfir þeim. Kæra yfir kosningu þingmanns eða kjörgengi skal því að eins tekin til greina, að hún sje frá kjósendum þingmannsins, einum eða fleirum, og komin til þingsins áður en 4 vikur eru liðnar frá fyrstu þingsetningu eftir kosninguna.

Við prófun kosninga og kjörgengis hefir sjerhver þingmaður fullan þingmannsrjett. En fresti þingið úrskurði um það, þá tekur hann engan þátt í störfum þingsins, uns það mál er útkljáð, og kosning hans og kjörgengi viðurkent.

6. gr.

**Kosning til
efri deildar.** Eftir kosningar þær, sem talað er um í 3. og 4. gr., skal kjósa 8 alþingismenn kjördæmakosna til efri deildar eftir reglunum um nefndarkosningar (Stjksk. 1915, § 8).

7. gr.

**Forseta-
kosning og
skrifara í
deildunum.** Síðan setjast þingdeildirnar niður, efri og neðri. Í hvorri deild gengst elsti þingmaðurinn fyrir kosningu forseta deildarinnar, en forseti síðan fyrir kosningu tveggja varaforseta, fyrsta og annars, og 2 skrifara. Um þessar kosningar fer eftir ákvæðum 3. gr. um samskonar kosningu í sameinuðu þingi.

Þegar þessum kosningum er lokið, skal hluta um sæti þingmanna, annara en forseta og skrifara.

8. gr.

Kosning forseta, varaforseta og skrifara, bæði í sameinuðu þingi og báðum deildum, er fyrir allan þingtímann það ár. Svo er og um nefndarkosningu þá, er talað er um í 4. gr. En kosning til efri deildar er fyrir alt kjörtímabilið. (Stjksk. 1915, § 8).

Hve lengi kosningar eftir 2.—3. og 6.—7. gr. gildi o. fl.

Þó er hverjum embættismanni þingsins heimilt að leggja niður starf sitt, ef meiri hluti leyfir, í þingdeild eða sameinuðu þingi; svo getur og þingdeild eða sameinað Alþingi vikið hverjum embættismanni sínum frá, en þó þarf til þess samatkvæði $\frac{2}{3}$ þingmanna eða deildarmanna.

9. gr.

Nú deyr efri deildar þingmaður, kosinn óhlutbundinni kosningu, og annar maður er kosinn í hans stað, þá skal kjósa 1 mann til efri deildar með þeim hætti, er segir í 6. gr.

Sæti kjördæmakosins þingmanns losnar.

10. gr.

Aldursforseti bæði í sameinuðu þingi (1. gr.) og í þingdeildunum (7. gr.), hefir meðan hann skipar forsetasæti, allan sama rjett og skyldur sem forseti.

Rjettur og skylda aldursforseta.

11. gr.

Forsetar stjórna umræðum og sjá um, að alt fari fram með góðri reglu. Forseti hvorrar deildar tekur við öllum erindum til deidarinnar, og annast um afgreiðslu þeirra mála, er frá deildinni eiga að fara. Hann skýrir á fundi frá hverju því, er sent er deildinni, eða útbýtt er í henni. Nú vill forseti, hvort heldur deildar eða sameinaðs þings, taka þátt í umræðum frekar en forsetastaða hans krefur, og viki þá á þingmannabekk, en varaforseti tekur forsetasæti á meðan.

Verksvið forseta.

Forsetar Alþingis ráða í sameiningu skrifstofustjóra þingsins, til 6 ára í senn, og skal hann hafa að launum 2400 kr. á ári. Hann skal aðstoða forseta, er þeir ráða þingskrifara og aðra starfsmenn, og má gera tillögur um það.

Hann skal standa fyrir öllum reikningum Alþingis og útgáfu og útsendingu Alþingistiðindanna, ráða útsöllumenn þeirra og annast geymslu á þeim og skjalasafni Alþingis og bókasafni, hafa umsjón með Alþingishúsinu, munum þess og alþingisgarðinum, jafnt milli þinga sem um sjálfan þingtímann, og sjá um að alt sje í lagi í þinghúsinu þegar þing kemur saman (við þingsetningu). Í öllum þessum störfum sínum skal skrifstofustjóri háður eftirliti forsetanna, og skulu þeir semja og setja erindisbrjef handa honum og öðrum starfsmönnum þingsins.

12. gr.

Í forföllum forseta ganga varaforsetar að öllu leyti í þeirra stað.

Rjettur og skylda varaforseta.

13. gr.

Nú er hvorki forseti nje varaforseti búsettur í Reykjavík eða þar í nánd, og skal þá í þinglok kjósa þingmann, sem á heima í

Millipingaforseti.

Reykjavík eða í nánd við hana, til þess að annast störf forseta milli þinga. Kosning sú fer fram á sama hátt og áður er ákveðið um forsetakosningu.

14. gr.

Verksvið skrifara. Gerðabók. Skrifararnir halda gerðabók undir umsjón forsetans, og geta í henni mála þeirra, er rædd eru á fundum, og úrslita þeirra.

Í byrjun fundar skal gerðabók frá síðasta fundi samþykkt og undirskrifuð af forseta og öðrum skrifaranum. Þingmenn skulu eiga kost á að kynna sjer gerðabókina á skrifstofunni, að minsta kosti tveim tímum áður en næsti fundur byrjar.

Skrifararnir telja saman atkvæði við atkvæðagreiðslur og kosningar. Sömu leiðis sjá þeir með forseta um að ályktanir sjeu skrásettar, og ritar forsetinn og annar skrifarinn undir þær. Störfum skifta skrifarar milli sín eftir samkomulagi við forseta.

15. gr.

Embættismenn sameinaðs þings. Ákvæði 12. og 14. gr. eiga jafnt við um forseta, varaforseta og skrifara í sameinuðu þingi sem í deildunum.

II. Nefndir.

16. gr.

Nefnda-skipan. Hver þingdeild skal skipa fastanefndir til þess að fjalla um ákveðnar tegundir mála. Til þeirra nefnda má síðar vísa skyldum málum. Sje það gert áður en umræðu er lokið, þá skal henni frestað. Tala nefndarmanna skal að öllum jafnaði standa á stöku.

Jafnan skal skipa þessar fastanefndir, og skal það gert á 2. þingfundi hvorrar deildar:

- 1) Fjárhagsnefnd,
- 2) Fjárveitinganefnd,
- 3) Samgöngumálanefnd,
- 4) Landbúnaðarnefnd,
- 5) Sjávarútvegsnefnd,
- 6) Mentamálanefnd,
- 7) Allsherjarnefnd.

Skal þingmönnum í hvorri deild skift í þessar nefndir, og má enginn vera í fleiri nefndum en tveimur, og eigi fleiri en 5 í neinni nefndinni.

Hver fastanefnd kys sjer formann og fundarskrifara.

Formenn fastanefnda, forseti og fyrri varaforseti skulu skipa eina nefnd. Skal hún ráða vinnubrögðum allra nefnda í deildinni; heitir sú vinnunefnd; er forseti formaður hennar.

Vinnunefndin skal skipa fyrir um fundatíma nefndanna og sjá um að þeir rekist ekki á.

Hún tekur til í hvaða röð hver fastanefnd skuli vinna að þeim málum, sem til hennar er vísað.

Nú þykir nauðsyn til bera, vegna vinnubragða, að hafa manna-býtti í nefndum, lengur eða skemur, og skal vinnunefndin þá hlutast til um að mannabýttin komist á, þó svo að viðkomandi fastanefndir samþykki. Náist ekki samkomulag, má vinnunefnd skjóta ágreiningnum undir úrskurð deildarinnar.

Til fastanefndanna getur hvor þingdeild vísað þeim þingmálum, sem fyrir þingið eru lögð og þörf þykir að nefnd ihugi, og skal þá vísa hverju máli til sömu fastanefndar í báðum deildum. Það er samvinnunefnd, ef samkynja fastanefndir beggja deilda vinna saman.

Heimilt er þó hvorri deild að kjósa lausanefndir til að ihuga einstök mál. Hver lausanefnd kys sjer formann og ritara, og skal ritarinn vera framsögumaður.

Fastanefndir kjósa ritara fyrir hvert mál, sem þær fjalla um, og er hann framsögumaður þess máls. Enginn fastanefndarmaður er skyldur að hafa á hendi í senn framsögu í fleiri málum en tveimur.

Vísa má máli til nefndar á hverju stigi þess.

Nú er borið upp frumvarp eða þingsályktun, sem fer fram á aukin útgjöld úr landssjóði, og er því máli vísað í nefnd, og skal þá sú nefnd, ef hún ætlar að mæla með frumvarpinu eða tillög- unni, leita álits fjárveitinganefndarinnar um fjárhagsatriðið í málinu; skal fjárveitinganefnd í stuttu máli láta uppi álit sitt með eða móti, og skal það álit fylgja nefndarálitinu.

17. gr.

Rjett kosinn í nefnd við óhlutbundna kosningu, — þ. e. við aðra kosningu en hlutfallskosningu — er sá, er hlotið hefir þriðjung greiddra atkvæða, og að eins hjer telst auður seðill greitt atkvæði. Fáist nefnd eigi fullskipuð við ítrekaða kosningu á þann hátt, skal kjósa bundnum kosningum um þá, er flest höfðu atkvæði, þannig, að vanti einn mann í nefndina, er kosið um 2, vanti 2 er kosið um 3 þá, er flest höfðu atkvæði, o. s. frv. Ræður að öðru leyti hlutkesti (sbr. 47. gr.).

Kosning
nefnda.

18. gr.

Sá, er flest fær atkvæði í nefnd við óhlutbundna kosningu, kveður nefndina saman í fyrsta sinn, og lætur kjósa formann og skrifara. Fáí fleiri jafnmörg atkvæði í nefndina, ræður stafrófsröð. Við hlutfallskosningu kveður sá nefndina saman í fyrsta sinn, er fyrst var kosinn.

Formaður
og skrifari
nefndar.
Nefndarálit.

Nefndin lætur uppi álit sitt og skal prenta það og útbýta því meðal þingmanna á fundi. Eigi má taka málið af nýju til umræðu fyr en að minsta kosti 2 nóttum síðar en nefndarálitinu var útbýtt.

III. Þingmál.

19. gr.

Hvenær frumvörp megi taka til umræðu o. fl. *Lagafrumvörp* skulu vera samin með lagasniði, og skal prenta þau og útbýta þeim meðal þingmanna á fundi. Hverju frumvarpi skal fylgja stutt greinargerð fyrir tilgangi þess yfirleitt og skýring á höfuðákvæðum. Eigi má taka frumvarp til umræðu fyr en liðnar eru að minsta kosti 2 nætur frá því er því var útbýtt. Þau lagafrumvörp, er borin eru upp af þingmanna hálfu og útbýtt er fjórum vikum eftir þingsetningu, verða því að eins tekin til meðferðar í deildinni að meiri hluti þingmanna í þeirri deild, sem frumvarpið er borið upp í, samþykki það. Þessa samþykkis skal leitað, þá er málið kemur til fyrstu umræðu, og má flutningsmaður einn áður taka til máls og skýra frá þýðingu frumvarpsins. Neiti deildin um samþykkið, er frumvarpið fallið.

Eigi þarf þó að leita þessa samþykkis, þegar um er að ræða frumvarp til laga um breyting á stjórnarskránni, eða um breyting á þingskópum Alþingis.

20. gr.

Frumvörp skulu rædd prisvar. Eigi er lagafrumvarp samþykkt til fullnaðar í deild fyrir en búíð er að ræða það prisvar sinnum (Stj. 1874 § 27).

21. gr.

1. umræða. Við *fyrstu* umræðu skal ræða frumvarpið í heild sinni. Þá er þeirri umræðu er lokið, er leitað atkvæða um, hvort það eigi að ganga til annarar umræðu.

22. gr.

2. umræða. *Önnur* umræða fer eigi fram fyrir en tveim nóttum eftir fyrstu umræðu, og skal þá ræða greinar frumvarpsins, hverja fyrir sig, og breytingartillögur við þær. Ræða má frumvarpið í köflum, eftir nánari ákvæðum forseta. Þegar búíð er að ræða hvern kafla, skulu atkvæði greidd um hverja grein í honum með breytingartillögum, er við eiga. Að síðustu skal greiða atkvæði um það, hvort frumvarpið þannig lagað eigi að ganga til þriðju umræðu.

23. gr.

3. umræða. *Þriðja* umræða má eigi fram fara fyrir en tveim nóttum eftir aðra umræðu. Þá skal ræða breytingartillögur og greinar, er þær eiga við, svó og frumvarpið alt í heild. Þá er umræðum er lokið, skal leita atkvæða um breytingartillögurnar, og síðan um frumvarpið í heild sinni, eins og það þá er orðið.

24. gr.

Þá er frumvarp hefir þannig verið samþykkt við þrjár umræður í deild, sendir forseti hennar það forseta hinnar deildarinnar með tilmælum um, að hann leggi það fyrir þá deild (Stjksk. 1903 9) og sætir það síðan sömu meðferð þar, sem í deild þeirri, er það kom frá.

Frumvarp sendist hinni deildinni og síðan ráðherra.

Ef frumvarpið er samþykkt óbreytt í þessari deild, sendir forseti hennar ráðherra það.

25. gr.

Ef deildin breytir aftur á móti frumvarpinu í smáu eða stóru, sendir forseti hennar það til baka forseta hinnar deildarinnar (Stjksk. 1903 § 9). Hafi nefnd fjallað um það þar, sendir forseti henni það þegar. Hún lætur uppi álit sitt um það, og skal það prentað og því útbýtt. Þá er liðnar eru að minsta kosti tvær nætur frá því, er frumvarpinu, eins og það kom frá hinni deildinni, var útbýtt meðal þingmanna á fundi, eða, ef um nefndarálit um það er að ræða, þá frá því er því var útbýtt, skal frumvarpið tekið til umræðu í deildinni á sama hátt og áður við þriðju umræðu (23. gr.).

Frumvarp endursent deild. Meðferð á því.

Ef deildin samþykkir frumvarpið óbreytt, eins og það kom frá hinni deildinni, sendir forseti ráðherra það. En sje því breytt, sendir forseti það, eins og það þá er orðið, hinni deildinni (Stjksk. 1903 § 9) og skal þar enn fara með það eftir ákvæðum 23. gr. Fallist deildin á frumvarpið óbreytt, sendir forseti ráðherra það. Nú breytir deildin því, og sendir þá forseti það forseta sameinaðs þings og mælist til, að það verði lagt fyrir sameinað þing.

26. gr.

Frumvarpinu í þeirri mynd, sem það hafði síðast fengið, er nú útbýtt meðal allra þingmanna og skal lagt fyrir sameinað Alþingi til einnar umræðu, minst 2 nóttum síðar. Við umræðurnar skal fara eftir því, sem fyrir er mælt í 23. gr., og er þeim lýkur, skal greiða atkvæði um breytingartillögurnar og síðan um frumvarpið í heild sinni.

Frumvarp í sameinuðu þingi.

Þá er Alþingi, sem nú segir, skipar eina málstofu, þarf, til þess að gerð verði fullnaðarályktun um mál, meira en helmingur þingmanna úr hvorri deild að vera á fundi og eiga þátt í atkvæðagreiðslu. Ræður þá afl atkvæða um einstök málsatriði. En til þess að lagafrumvarp, að undanskildum frumvörpum til fjárlaga og fjáruaukalaga, verði samþykkt í heild sinni, verður aftur á móti að minsta kosti tveir þriðjungar atkvæða, sem greidd eru, að vera með frumvarpinu (Stjksk. 1903 § 9).

Ef frumvarpið er samþykkt, sendir forseti sameinaðs þings það ráðherra. Ella fellur það niður.

27. gr.

Fyrirsögn
frumvarpa
og fleira um
breytingu á
stjórnar-
skránni.

Lagafrumvarp, er felur í sjer tillögu um breytingu á *stjórnarskránni* eða viðauka við hana, skal í fyrirsögninni nefnt frumvarp til stjórnarskipunarlaganna. Hafi það eigi þá fyrirsögn, visar forseti því frá.

Breytingartillögu, sem felur í sjer tillögu um breytingu á stjórnarskránni, eða viðauka við hana, má að eins gera við frumvarp til stjórnarskipunarlaganna. Sje hún gerð við annað frumvarp, visar forseti henni frá.

28. gr.

Feld
frumvörp.

Lagafrumvarp, er önnur hvor deildin hefir felt, má eigi bera upp aftur á sama þingi.

29. gr.

Þingsályktunartillögur.

Tillögur til þingsályktunar skulu vera í ályktunarformi. Slika tillögu má ræða einu sinni eða tvisvar. Nú er tillaga til þingsályktunar borin upp í deild eða sameinuðu þingi, og skal þá prenta hana og útbýta meðal þingmanna á fundi. Á fundi, að minsta kosti 1 nótt síðar, ályktar deildin eða þingið eftir uppástungu forseta, hvort hún skuli rædd í einni eða tveimur umræðum. Umræða má eigi fram fara fyr en í fyrsta lagi daginn eftir.

Ef ein umræða er ákveðin, skal henni og atkvæðagreiðslu hagnað eftir fyrirmælunum um 2. umræðu lagafrumvarpa (22. gr.), og sama er um fyrri umræðu, ef tvær eru. En síðari umræðan fer fram eins og þriðja umræða um lagafiumvörp (23. gr.).

Þingsályktunartillögu, er samþykkt hefir verið í annari þingdeildinni, má senda hinni deildinni, og láta hana þar sæta sömu meðferð, sem nú er sagt hjer á undan í grein þessari. Sje henni breytt þar, skal hún lögð þar fyrir sameinað þing og útkljáð þar með einni umræðu.

Þingsályktunartillögur, sem fara fram á útgjöld úr landssjóði, skal jafnan bera upp í báðum deildum, og hafa tvær umræður um þær.

30. gr.

Ávarp.

Ávarp má hvor þingdeildin fyrir sig senda konungi, og skal fara með það sem þingsályktunartillögu, að því fráskildu, að ávarp verður eigi sent frá einni deild til annarar.

31. gr.

Fyrirspurnir.

Nú vill alþingismaður beiðast skýrslu ráðherra um alþjóðlegt málefni (Stjksk. 1874 § 37), og gerir hann það með *fyrirspurn*, er afhent sje forseta, og skal prenta hana og útbýta meðal þingmanna á fundi, jafnframt því að forseti skýrir frá henni. Á öðrum fundi leyfir deildin fyrirspurnina eða synjar leyfis.

Leyfi deildin fyrirspurnina, sendir forseti ráðherra hana, og er hún svo borin upp og rædd á fundi síðar. Við þessa umræðu má eigi gera neina ályktun.

32. gr.

Breytingartillögur við lagafrumvörp og þingsályktunartillögur skulu vera prentaðar og þeim útbýtt daginn áður en þær koma til umræðu. Ráðherra eða umboðsmaður hans og hver þingdeildarmaður, eða í sameinuðu þingi hver þingmaður, má koma fram með breytingartillögu við hverja umræðu sem er. **Breytingartillögur.**

Breytingartillögu við breytingartillögu má þingmaður bera upp við byrjun þess fundar, er hún skal tekin til umræðu. Þó skal þá vera búið að útbýta henni. Nefnd getur einnig borið upp breytingartillögu með jafnstuttum fresti, en aðrir því að eins að deildin samþykki það.

Breytingartillögu um atriði, sem búið er að fella í deild, má eigi bera upp aftur í sömu deild á sama þingi, en heimilt er að bera hana upp í hinni deildinni og sameinuðu þingi, ef tækifæri er til þess eftir þingsköpum. Þegar lagafrumvörp koma í sameinað þing, má þó eigi gera breytingartillögur um önnur atriði en þau, er sú deildin er síðast hafði frumvarpið til meðferðar, breytti við þá umræðu. Forseti úrskurðar, hvort það er sama atriði, sem liggur fyrir, og atriði, er áður hefir verið felt í sömu þingdeild, og er þingmönnum skylt að hlýta þeim úrskurði.

Breytingartillögur þingmanna við fjárlögin, þær er fara fram á aukin útgjöld, og mælir fjárveitinganefnd í móti, þurfa $\frac{2}{3}$ greiddra atkvæða til þess að ná fram að ganga.

IV. Fundarsköp.

33. gr.

Skylt er þingmönnum að sækja alla þingfundi, nema nauðsyn banni. Forföll skal tilkynna forseta, svo fljótt sem unt er, og metur hann nauðsynina. **Fundarsetning o. fl.**

Heimilt er forseta að veita þingmanni brottveruleyfi, þó eigi lengur en tvær nætur að nauðsynjalausum, nema deildin samþykki.

Þegar fundur er settur, skal samþykkja fundarbók frá síðasta fundi (14. gr.). Þar næst skýrir forseti frá erindum þeim, sem honum hafa borist eða útbýtt hefir verið. Þá er gengið til dagskrár.

34. gr.

Þingmaður, sem hefir óskað að taka til máls og fengið leyfi til þess, skal standa upp frá sæti sínu og mæla þaðan, og skal hann ávalt vikja ræðu sinni til forseta eða fundarins. Eigi má hann annars ávarpa neinn einstakan þingmann, og kenna skal þingmann við kjördæmi sitt eða kosningu. **Þingmaður tekur til máls.**

35. gr.

Hve oft þingmaður má taka til máls við umræðu. Framsögumaður meiri og minni hluta nefndar, svo og flutningsmaður máls, en eigi nema einn, þótt fleiri flytji, mega við hverja umræðu um mál tala þrisvar. Ef tveir eða fleiri eru flutningsmenn, skal sá, er fyrstur stendur á skjalinu, teljast framsögumaður, nema annar sje tilnefndur. Aðrir mega ekki tala oftar en tvisvar. Þó er jafnan heimilt að gera stutta athugasemd um atkvæðagreiðslu, um gæslu þingskapa, og til þess að bera af sjer sakir.

Ráðherra eða umboðsmaður hans mega tala svo oft sem þeim þykir þurfa.

36. gr.

hverri röð þingmenn taka til máls. Forseti gefur þingmönnum venjulega færi á að taka til máls í þeirri röð, er þeir beiðast þess. Þó getur hann vikið frá þeirri reglu, það er til ráðherra eða umboðsmanns hans og framsögumanns kemur, svo og til þess að ræður með og móti málefni skiftist á, eða til þess að þingmaður geti gert stutta leiðrjetting eða athugasemd, er snertir sjálfan hann.

37. gr.

Krafa um að umræður ur hætti. Ef umræður dragast úr hófi fram, getur forseti stungið upp á, að þeim sje hætt, og sker þingdeildin úr því umræðulaust. Sömu leiðis geta 3 þingmenn í efri deild, 6 í neðri deild og 9 í sameinuðu þingi krafist þess, að greidd sjeu atkvæði um, hvort umræðum skuli lokið. Nöfn þeirra þingmanna skulu lesin upp og rituð í gerðabókina. Eftir ákvæðum þessarar greinar og 35. greinar, að því er sameinað þing snertir, skal einnig fara á þingsetningarfundum.

38. gr.

Upplæstur. Eigi má, nema með leyfi forseta, lesa upp prentað mál.

39. gr.

Þingmenn gæti reglu. Skytt er þingmanni að lúta valdi forseta í hvivetna, er að því lýtur, að gætt sje góðrar reglu. Skyldi almenn óregla koma upp, er það skylda forseta að gera hlje á fundinum um stundarsakir, eða, ef nauðsyn er til, slíta fundinum alveg.

40. gr.

Afturköllun. Frumvörp, hvort heldur eru frá stjórninni eða þingmönnum, svo og tillögur til þingsályktunar og breytingartillögur, má kalla aftur á hverju stigi umræðu sem vill. En heimilt er hverjum þingmanni að taka það jafnskjótt upp aftur á sama fundi. Fyrirspurn má og afturkalla.

41. gr.

Máli visað til ráðherra. Þyki þingdeild eigi ástæða til að gera ályktun um eitthvert málefni, getur hún visað því til ráðherrans (Stjks. 1903 § 12).

42. gr.

Heimilt er þingmanni að krefjast þess, að lagafrumvarpi, þings-
ályktunartillögu og breytingartillögu eða fyrirspurn sje vísað frá eða **Einföld
dagskrá.**
frestað um tiltekinn eða ótiltekinn tíma. Kröfu um það skal hann
koma fram með áður en nokkur annar en flutningsmaður, eða, ef
þeir eru tveir eða fleiri, einn þeirra hefir talað. Þingdeildin sker þá
umræðulaust úr því, hvort frá skuli vísa. Heimilt er og þingmanni
að krefjast þess að gengið sje til atkvæða um eitthvert þingmál um-
ræðulaust, en það skal því að eins gert, ef $\frac{2}{3}$ fundarmanna eru því
samþykkir.

Meðan á umræðum stendur, má gera tillögu, er byggð sje á á- **Rökstudd
dagskrá.**
stæðum, um að taka skuli fyrir næsta mál á dagskránni, og skal þá
afhenda forseta tillöguna um það skrifaða.

43. gr.

Forseti deildar ákveður fyrir lok hvers fundar dagskrá fyrir **Dagskrá.**
næsta fund hennar. Þó má ákveða hana eftir ályktun deildarinnar,
ef 3 þingmenn í efri deild og 6 í neðri deild krefjast þess skriflega
og gera tillögu um ákveðna dagskrá.

Ef þá er farið fram á, að mál sje látið ganga út af dagskránni,
skal afhenda forseta kröfuna um það samdægurs og dagskráin er á-
kveðin. En sje farið fram á, að mál sje tekið á dagskrá, skal til-
kynna deildinni það í lok þess fundar, er krafan um það kom fram
á. Um þessa tillögu skal í byrjun næsta fundar greiða atkvæði um-
ræðulaust. Sje hún feld, er með því samþykkt dagskrá forseta.

Þegar dagskrá er eigi ákveðin eftir ályktun deildarinnar, getur
forseti breytt röðinni á þeim málum, sem eru á dagskrá, og einnig
tekið mál út af dagskrá. Mál, sem eigi er á dagskrá, verður því að
eins tekið fyrir, að til þess fáist samþykki $\frac{3}{4}$ þeirra, sem á fundi
eru, og leyfi ráðherra, sbr. 54. gr.

44. gr.

Hvorug þingdeildin má gera ályktun um neitt, nema meira en **Þingdeild
ályktunar-
fær. Skylda
þingmanna
að greiða
atkvæði.**
helmingur þingmanna sje á fundi og greiði þar atkvæði (Stjksk.
1903 § 11).

Engin ályktun er lögmæt nema meira en helmingur fundar-
manna þeirra, sem atkvæðisbærir eru, greiði atkvæði með henni.

Skylt er þingmanni, hvort heldur í deild eða sameinuðu þingi,
að vera viðstaddur og greiða atkvæði, nema hann hafi lögmæt for-
föll eða fararleyfi (53. gr.).

Nú er haft nafnakall við atkvæðagreiðslu og þingmaður greiðir
eigi atkvæði, og skal hann þá leiða rök að því. Forseti sker úr,
hvort þau rök skuli gild talin, en þingmaður getur skotið þeim úr-
skurði undir atkvæði deildarinnar eða þingsins.

Enginn þingmaður má greiða atkvæði með fjárveitingu til
sjálfs sín.

45. gr.

Skifting, röð og innra samband* atkvæðagreiðslu. Forseti ræður því, hvornig atkvæðagreiðslu er skift og í hverri röð og innra sambandi hún fer fram. Þó getur þingdeild eða sameinað þing, ef 3 í efri deild, 6 í neðri deild og 9 í sameinuðu þingi krefjast þess, breytt ákvörðun forseta. Forseti og einn af flutningsmönnum mega hvor um sig taka einu sinni til máls, áður en til atkvæða er gengið um það. Krefjast má þingmaður þess, að atkvæðagreiðslu um breytingartillögu sje skift, ef hann gerir það áður en umræður hefjast. Nú er stungið upp á að skifta atkvæðagreiðslu um lagagrein, og telst það breytingartillaga (sbr. 32. gr.).

Þó þarf ekki að koma fram með þá tillögu fyr en á þeim fundi, er atkvæðagreiðslan á að fara fram.

46. gr.

Atkvæðagreiðsla. Nafnakall. Löynileg atkvæðagreiðsla. Þá er forseti hefir ástæðu til að ætla, að allir sjeu á einu máli, má hann lýsa því yfir, að gert sje út um atriði án atkvæðagreiðslu, ef enginn krefst þess að hún fari fram. Um lagafrumvörp og þingsályktunartillögur verður hann þó jafnan að hafa atkvæðagreiðslu við allar umræður (sbr. 21.—26. og 29. gr.).

Atkvæðagreiðslan fer fram á þann hátt, að hver þingmaður rjettir upp hægri hönd sína, hvort sem hann greiðir atkvæði með eða móti máli. Skrifararnir telja atkvæðin, en forseti skýrir frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar eftir að atkvæða hefir verið leitað með og móti. Hafi atkvæðagreiðslan fallið þannig, að málið sje hvorki samþykkt nje felt, lætur forseti nafnakall fara fram. Sömuleiðis er forseta heimilt að láta atkvæðagreiðslu fara fram með nafnakalli annaðhvort þegar í stað, eða ef atkvæðagreiðsla hefir áður fram farið, en verið óglögg. Sömuleiðis geta 3 þingmenn í efri deild, 6 í neðri deild og 9 í sameinuðu þingi krafist nafnakalls við atkvæðagreiðslu um tiltekið atriði. Skrifleg krafa um það skal afhent forseta áður en atkvæðagreiðsla byrjar. Nöfn þeirra þingmanna skulu lesin upp og bókuð.

Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá í stafrófsröð, og hluta um í hvert sinn, á hverri raðtölunni skuli byrja nafnakallið.

Forseti skal jafnan greiða atkvæði síðastur.

47. gr.

Af atkvæða. Af atkvæða ræður um úrslit mála og málsatriða, nema öðruvisi sje ákveðið í stjórnarskránni eða þingsköpunum (sbr. 26. gr.).

En það er afl atkvæða, ef meiri hluti þingmanna þeirra, sem á fundi eru og atkvæðisbærir, gera annaðhvort að játa eða neita.

48. gr.

Um kosningar fer eftir því, sem fyrir er mælt í 3. og 17. gr., að því viðbættu, að þegar kjósa á um 2 menn eða fleiri í þingdeild eða sameinuðu þingi, hvort heldur er til starfa innan þings eða utan, skal beita hlutfallskosningu með aðferð þeirri, er kend er við de Hondt (listakosning), ef 3 þingmenn í efri deild, 6 í neðri og 9 í sameinuðu þingi æskja þess.

Kosning
óhlutbundin
og hlutbundin
(de Hondt)
Kjörmiði
ógildur.

Aðferðin er þessi:

Þeir þingmenn, er komið hafa sjer saman um að kjósa allir sömu menn í sömu röð, afhenda forseta þegar til kosningar kemur lista yfir þá í þeirri röð. Þegar hann hefir tekið við listunum, merkir hann hvern þeirra bókstaf, A, B, C, o. s. frv., eftir því, sem sjálfur hann ákveður, eða ákveðið hefir verið með samkomulagi eitt skifti fyrir öll þann þingtima. Síðan les forseti upphátt stafnafn hvers lista og nöfn þau, er á honum standa. Þá kjósa þingmenn þannig, að hver ritar á kjörmiða að eins stafnafn (A, B, o. s. frv.) þess lista, er hann vill kjósa eftir. Kjörmiðarnir eru afhentir forseta, og nefnir hann upphátt bókstaf hvers miða, en skrifararnir rita jafn-óðum og telja saman, hve mörg atkvæði hafa fallið á hvern lista, hve mörg á A, hve mörg á B, o. s. frv. Tölu þeirri, sem hver listi þannig fær, er svo skift fyrst með 1, síðan með 2, síðan með 3 o. s. frv., eftir því sem með þarf. Hlutatölur hvers lista eru ritaðar í röð hver niður undan annari og yfir dálkinum er ritaður bókstafur þess lista.

Kosningin fer eftir hlutatölunum þannig, að sá listi fær fyrsta mann, er hæsta á hlutatöluna, sá listi næsta mann, er á næst hæsta hlutatölu o. s. frv., þar til fullskipað er. Ef jafnháar hlutatölur koma á tvo eða fleiri lista, skal varpa hlutkesti um, hvor listinn skuli koma að manni.

Af hverjum lista skulu menn hljóta kosning í þeirri röð, sem þeir standa á listanum.

Kjörmiði við óhlutbundnar kosningar er ógildur, ef á honum standa fleiri eða færri nöfn en samsvarar tölu nefndarmanna, eða nafn er ógreinilegt eða á eigi við.

49. gr.

Fundir bæði þingdeilda og sameinaðs þings skulu haldnir í heyranda hljóði. Þó getur forseti eða 3 þingmenn í efri deild, 6 í neðri deild og 9 í sameinuðu þingi krafist þess, að öllum utanþingsmönnum sje vísað á braut, og sker þá þingið úr því, hvort svo skuli gert, og umræður fara fram í heyranda hljóði eða fyrir luktum dyrum. (Stjksk. 1874 § 40).

Fundir í
heyranda
hljóði.

50. gr.

Áheyrundur. Forseti skipar fyrir um, hvernig mönnum skuli gefinn kostur á, að vera við fundi þá, er haldnir eru í heyranda hljóði. Áheyrundur eru skyldir til að vera kyrrir og hljóðir. Brjóti nokkur móti því, getur forseti látið visa honum á braut, og ef þörf er á, öllum áheyrendum.

V. Ýmisleg ákvæði.

51. gr.

Pingdeild tekur elgi við erindi án flutningsmanns. Hvorug pingdeildin má taka við neinu málefni, nema einhver pingdeildarmanna taki það að sjer til flutnings. (Stjks. 1874 § 38).

52. gr.

Alþingistíðindi. Umræður pingdeildanna og sameinaðs Alþingis, ásamt þingskjólum og atkvæðagreiðslum um þau, skulu prentaðar í Alþingistíðindunum.

Í Alþingistíðindunum má ekkert undanfella, það er þar á að standa og fram hefir komið í þinginu og gerðabækur þingsins og handrit af umræðum í þinginu bera með sjer. Engar breytingar má gera á hvorugu þessu, nema leiðrjetta þurfi auðsæjar og sannanlegar villur. Engu má bæta inn í Alþingistíðindin, hvort sem það varðar menn eða málefni, nema þess sje óhjákvæmileg þörf eða í því felist sjálfsgöð leiðrjetting.

53. gr.

Pingsafglöpun og þingviti. Ef þingmaður talar óvirðulega um konunginn eða ber þingið eða ráðherra eða einhvern þingmann brigslyrðum, eða vikur með öllu frá umtalsefninu, þá skal forseti kalla til hans: »Þetta er vitavert«, og nefna þau ummæli, sem hann vitir. Nú er þingmaður vittur tvisvar á sama fundi og má þá forseti með samþykki fundarins svifta þingmanninn málfrelsi á þeim fundi.

Ef þingmaður er fjarstaddur í leyfisleysi, þegar til atkvæða er gengið, eða neitar að greiða atkvæði við nafnakall eða leynilega atkvæðagreiðslu, án þess að færa gildar ástæður (44. gr.), þá missir hann af dagkaupi sínu þann dag. Sama þingviti liggur við broti á fyrirmælum 39. gr.

54. gr.

Afbrigði frá þingskópum. Eftir uppástungu forseta eða skriflegri uppástungu frá 3 þingmönnum í efri deild, 6 þingmönnum í neðri deild og 9 í sameinuðu þingi, má bregða út af þingskópum þessum, ef ráðherra eða um-

boðsmaður hans leyfir, og $\frac{3}{4}$ þeirra þingmanna, er um það greiða atkvæði, samþykka. Þó mega afbrigðin þau ein vera, er eigi koma í bága við stjórnarskrána.

55. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög um þingsköp handa Alþingi 10. nóvbr. 1905.